

nefndum, barnaverndarnefndum og lögreglu. Réttur samkvæmt þessari málsgrein felur ekki í sér heimild til að fá upplýsingar um hagi forsjárforeldris.

Stofnunum og stjórnvöldum, sem nefnd eru í 2. mgr., er þó heimilt að synja um upplýsingar ef hagsmunir foreldris af því að notfæra sér þær þykja eiga að víkja fyrir mun ríkari almanna- eða einkahagsmunum, þar á meðal ef telja verður að upplýsingar séu skaðlegar fyrir barn.

Skjóta má synjun um upplýsingar um barn skv. 3. mgr. til sýslumanns innan tveggja mánaða frá því að foreldri var tilkynnt um ákvörðunina. Ákvörðun sýslumanns samkvæmt þessari málsgrein verður ekki kærð til dómsmálaráðuneytis.

Þegar sérstaklega stendur á getur sýslumaður ákveðið að ósk forsjárforeldris að svipta hitt foreldrið heimild til að fá upplýsingar skv. 2. mgr. Um kæru slíkrar ákvörðunar sýslumanns fer skv. 74. gr. þessara laga.

#### 4. gr.

Við 52. gr. laganna bætist ný málsgrein, 3. mgr., svohljóðandi:

Dómsmálaráðuneytið getur heimilað að mál verði höfðað eftir lok fresta þeirra er greinir í 2. mgr. ef alveg sérstaklega stendur á. Á þetta einnig við þótt frestir til höfðunar vefengingarmáls eða til höfðunar máls til ógildingar á faðernisviðurkenningu hafi verið liðnir þegar lög þessi tóku gildi.

#### 5. gr.

3. mgr. 53. gr. laganna verður svofelld:

2. og 3. mgr. 52. gr. eiga við um mál samkvæmt þessari grein að breyttu breytanda.

#### 6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 3. mars 1995.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Þorsteinn Pálsson.*

3. mars 1995

Nr. 24

## LÖG

**um breyting á lögum um málflytjendur,  
nr. 61 4. júlí 1942, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Stjórn Lögmannafélags Íslands skal tilkynna dómsmálaráðherra ef félagsmaður missir eitthvert hinna almennu skilyrða til að fá leyfi til málflytnings. Skal ráðherra afturkalla málflytningsleyfið meðan svo er ástatt.

Dómsmálaráðherra er heimilt að afturkalla málflytningsleyfi um stundarsakir eða ótímabundið eftir því hversu miklar sakir eru ef stjórn Lögmannafélags Íslands leggur til að fé-

lagsmaður verði sviptur leyfi vegna tiltekinna óviðurkvæmilegra athafna í starfi sínu. Sama gildir ef lögmaður brýtur gegn samþykktum félagsins eða reglum um fjárvörslureikninga og sinnir ekki áskorun félagsstjórnarinnar um úrbætur.

Dómsmálaráðherra er enn fremur heimilt að afturkalla málflutningsleyfi í allt að tvö ár ef lögmaður hefur þrisvar sætt réttarfarssæktum.

Dómsmálaráðherra skal leita umsagnar stjórnar Lögmannafélags Íslands áður en málflutningsleyfi er veitt að nýju.

Nú hefur leyfi lögmanns til málflutnings verið afturkallað, og getur hann þá borið afturköllunina undir dómstóla með venjulegum hætti að stefndum dómsmálaráðherra af hálfu ríkisins.

## 2. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Lögmenn skulu hafa með sér félag er nefnist Lögmannafélag Íslands. Stjórn þess kemur fram fyrir þeirra hönd gagnvart dómurum og stjórnvöldum í málum er lögmenn varða. Samþykktir félagsins skulu lagðar fyrir dómsmálaráðherra til staðfestingar.

Lögmannafélag Íslands skal í samþykktum sínum setja reglur um skyldu félagsmanna til þess að kaupa ábyrgðartryggingu hjá váttryggingafélagi sem hefur starfsleyfi hér á landi eða leggja fram aðra jafngilda tryggingu að mati stjórnar Lögmannafélagsins vegna fjárhagstjóns sem leitt getur af störfum þeirra eða starfsmanna þeirra. Í samþykktunum skal kveðið á um lágmark váttryggingarfjárhæðar og hámark eigin áhættu váttryggingartaka með hliðsjón af góðum venjum á sviði váttrygginga og hagsmunum viðskiptamanna lögmanna. Sjálfsáhætta váttryggingartaka í tryggingarskilmálum hefur engin áhrif á réttarstöðu þriðja manns. Undanskyldir váttryggingarskyldunni eru lögmenn sem starfa hjá opinberum aðilum, lánastofnunum og váttryggingafélögum að því er varðar lögmennsstörf í þágu þessara aðila. Stjórn Lögmannafélagsins er heimilt að undanþiggja einstaka lögmenn tryggingarskyldunni, enda hafi þeir ekki opna starfsstofu. Stjórn Lögmannafélagsins úrskurðar um skyldu einstakra félagsmanna til váttryggingarkaupar. Ráðherra skal áður en hann staðfestir samþykktir um tryggingarskyldu leita umsagnar samtaka neytenda og váttryggingafélaga.

Lögmanni er skylt að halda fjármunum sem hann tekur við fyrir hönd umbjóðanda síns aðgreindum frá eigin fé. Skulu þeir varðveittir á sérstökum reikningi, vörslufjárreikningi. Lögmannafélag Íslands skal setja reglur um vörslufjárreikninga og eru þær háðar staðfestingu ráðherra.

Ráðherra getur lagt fyrir félagið að gera breytingar á reglum skv. 2. og 3. mgr. þessarar greinar innan tiltekins frests telji hann þær ekki veita viðskiptamönnum lögmanna nægilega vernd. Komi félagið ekki fram með breytingar á reglunum sem ráðherra telur unnt að staðfesta er honum heimilt að setja reglugerð um þessi atriði og skal hann leita umsagnar með sama hætti og segir í 2. mgr.

## 3. gr.

8. gr. laganna breytist þannig:

- a. Í stað 1. másl. 1. mgr. 8. gr. kemur: Stjórn Lögmannafélags Íslands ber að hafa eftirlit með því að félagsmenn fari að lögum og samþykktum félagsins í starfa sínum og ræki skyldur sínar af trúmennsku og samviskusemi. Lögmanni er skylt að veita stjórn félagsins eða trúnaðarmanni hennar allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til þess að stjórnin geti metið hvort fylgt sé reglum um starfsábyrgðartryggingu og vörslufjárreikninga, þar með talið aðgang að bókhaldi og bankareikningum. Síni félagsmaður stjórninni ekki fram á að hann fylgi þessum reglum þrátt fyrir kröfu stjórnarinnar þar um getur hún gert tillögu til ráðherra um að málflutningsleyfi hans verði afturkallað.
- b. 4. mgr. fellur brott.

## 4. gr.

2. tölul. 1. mgr. 9. gr. laganna orðast svo:

2. er lögráða og hefur haft forræði á fé sínu undanfarin tvö ár.

## 5. gr.

2. tölul. 1. mgr. 14. gr. laganna orðast svo:

2. er lögráða og hefur haft forræði á fé sínu undanfarin tvö ár.

## 6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Ákvæði til bráðabirgða.

Reglur um skyldu lögmannna til þess að kaupa starfsábyrgðartryggingu og varðveita fé umbjóðenda sinna á sérstökum vörslufjárreikningi skv. 2. og 3. mgr. 2. gr. laga þessara skulu eigi koma til framkvæmda fyrr en 1. janúar 1996. Hafi Lögmannafélag Íslands ekki sett reglur þar að lútandi fyrir 1. nóvember 1995 skal dómsmálaráðherra eigi síðar en 1. desember 1995 setja slíkar reglur, sbr. 4. mgr. 2. gr. laga þessara.

Ákvæði b-liðar 3. gr. laga þessara skal eigi koma til framkvæmda fyrr en 1. janúar 1996.

*Gjört í Reykjavík, 3. mars 1995.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Þorsteinn Pálsson.*

## LÖG

### um samræmda neyðarsímsvörun.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Ríkisstjórnin skal eigi síðar en 31. desember 1995 koma upp samræmdri neyðarsímsvörun fyrir Ísland til að sinna viðtöku tilkynninga um fólk og eignir í neyð og beiðnum um aðstoð lögreglu, slökkviliðs, björgunarsveita og sjúkraflutningaliðs og aðra neyðaraðstoð. Neyðarsímsvörun þessi skal jafnframt fullnægja skuldbindingum Íslands samkvæmt samningi um Evrópska efnahagssvæðið.

## 2. gr.

Samræmt neyðarsímanúmer fyrir Ísland skal vera 112 og er óheimilt að nota þá tölu sem símanúmer eða annað auðkenni í fjarskiptakerfi á Íslandi fyrir aðra starfsemi.

Póst- og símamálastofnun, opinberir aðilar sem fjalla um síma- og fjarskiptamál og þeir einkaaðilar sem leyfi hafa til reksturs á þessu sviði skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að allir notendur síma geti jafnan náð sambandi við símanúmerið 112.

Óheimilt er að nota orðin neyðarnúmer og neyðarsímanúmer ein sér eða í samsetningum fyrir aðra starfsemi hér á landi en samræmt neyðarnúmer samkvæmt lögum þessum.